

Ed.

210. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi þessu eru tollar lækkaðir af ýmsum ástæðum: sumpart vegna samninga Íslands við EFTA og EBE og sumpart til að styrkja stöðu íslensks iðnaðar með lækkun tolla á hráefni, vélum, rekstrarvörum og fjárfestingarvörum til iðnaðarframleiðslu innanlands. Minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar telur, að hin síðarnefnda tegund tollalækkana eigi fyllsta rétt á sér og sé sjálfsögð nauðsyn, en hin fyrri, þ. e. lækkun tolla vegna aðildar Íslands að EFTA og EBE, þurfi nánari athugunar við.

Hinn 28. október s. l. sendi Félag ísl. iðnrekenda bréf til viðskiptaráðuneytisins, þar sem minnt var á margítrekaðar óskir íslenskra iðnrekenda um framlengingu aðlögunartíma að EFTA og EBE fyrir allar greinar iðnaðarins, þar sem í ljós hafi komið, að grundvöllur nauðsynlegrar upphyggingar á aðlögunartímanum hafi ekki verið fyrir hendi. Bréf þetta er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Í svari Þórhalls Ásgeirssonar, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytisins, dagsettu 29. okt. s. l., til Davíðs Sch. Thorsteinssonar, formanns Félags ísl. iðnrekenda, segir m. a., að ráðuneytisstjórinn sé sannfærður um „að það sé hægt að fá samþykki a. m. k. EFTA fyrir því að framlengja aðlögunartíma fyrir ákveðnar vörutegundir, ef sýnt er fram á það með skýrum rökum og upplýsingum, að tollalækkanir hefðu valdið miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein, sem við teldum æskilegt að vernda.“

Í svarbréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda, dagsettu 5. nóv. s. l., til ráðuneytisstjórans er varað við því, að heðið sé eftir því að tollalækkanir valdi „miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein“, sbr. fyrrnefnd orð úr bréfi viðskiptaráðuneytisins og bendir formaður Félags ísl. iðnrekenda á, að of seint sé að sækja um framlengingu eða „bygja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í“.

Í þessu bréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda koma m. a. fram þessar athyglisverðu upplýsingar:

„Útflutningur til EFTA/EBE án áls hefur aukist um 577 m.kr. milli árana 1974 og 1975, en innflutningur frá sömu ríkjum hefur aukist um 6 053 m.kr., og hlutdeild þess innflutnings, sem fær EFTA/EBE tollmeðferð, í almennum vöruinnflutningi var 20.5% 1975 samanborið við 14.5% 1974. Á sama tíma jókst hlutdeild útflutnings iðnaðarvara (án áls) til EFTA og EBE í heildarútflutningi landsmanna einungis úr 3% í 3.3%.

Tel ég þessar tölur sýna betur en mörg orð hverri stefnir og að markmið aðildar að EFTA og samnings við EBE, sem var að byggja upp iðnað á Íslandi, hefur ekki náðst. Virðast iðnfyrirtæki annarra aðildarríkja EFTA og EBE á hinn bóginn hafa hagnast vel á EFTA-aðild Íslands og samningi þess við EBE.“

Í samræmi við þessar ábendingar Félags ísl. iðnrekenda er það skoðun undirritaðs að frekari tollalækkanir frá ríkjum EBE og EFTA séu ekki tímabærar og þurfi að skoðast betur í ljósi þeirra vandamála, sem steðja að íslenskum iðnaði. Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við frv. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Lækkanir á tollum, sem stafa af aðild Íslands að EFTA og EBE, koma ekki til framkvæmda að svo stöddu. Ríkisstjórnin skal leita eftir því, að aðlögunartími íslensks iðnaðar gagnvart samkeppni frá EFTA- og EBE-löndum verði framlengdur, og leggja nýtt frumvarp til tollalaga fyrir Alþingi, þegar fengin er niðurstaða af þeirri umleitan. Aðrar lækkanir á tollum, m. a. á rekstrarnauðsynjum og fjárfestingarvörum íslensks iðnaðar, koma þegar til framkvæmda.

Jafnframt áskil ég mér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 16. des. 1976.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Viðskiptaráðuneytið
Arnarhváli
Reykjavík

28.10.76

Vegna fyrirspurnar hr. ráðuneytisstjóra Þórhalls Ásgeirssonar til formanns F. Í. I., Davíðs Sch. Thorsteinssonar, í gær um fyrir hvaða greinar iðnaðarins komi helst til greina að sækja um framlengingu á aðlögunartíma að EFTA og EBE, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Vér teljum að röksemdir þær, sem fram komu í hinni formlegu umleitan vorri til ríkisstjórnar Íslands, dags. 20.09.74, um framlengingu á aðlögunartíma, séu enn í fullu gildi.
2. Nýjustu tölur um þróun í afkomu framleiðsluiðnaðarins, sem fylgja hjálagðar, leiða í ljós þá staðreynd, að grundvöllur nauðsynlegrar uppbyggingar á aðlögunartímanum hefur ekki verið fyrir hendi. Afkoma framleiðsluiðnaðarins er enn verri árið 1975 en árin 1973 og 1974.

Íslendingar gengu í EFTA og gerðu samning við EBE í þeim tilgangi að auka útflutning iðnaðarvара. Þróun íslensks efnahagslífs og óviðunandi aðbúnaður iðnaðarins er meginorsök þess, að þróun í iðnaði og þar með aukning útflutningsiðnaðarvара hefur ekki orðið meiri en raun ber vitni.

Af þessum ástæðum teljum vér nauðsynlegt að sótt verði um framlengingu á aðlögunartíma fyrir allar greinar iðnaðarins.

Virðingarfyllst,

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Davíð Sch. Thorsteinsson,
formaður.